# MÁLÞING UM KANADÍSKA FRUMBYGGJA- OG LANDNEMAMENNINGU

**Salnum, laugardaginn 21. október 2006 kl. 10-13**



Kl. 10.00 Anna Blauveldt, sendiherra Kanada á Íslandi
**Setningarávarp**



Kl. 10.10 Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur
**„Heimaland sérhverrar þjóðar og tungu“**
Um aldamótin 1900 setti Stephan G. Stephansson fram merkilegar hugmyndir sem líkjast mjög fjölmenningarhugmyndum nútímans. Í erindinu verða hugmyndir Stephans um mannúð og fjölmenningu bornar upp að ímynd Kanada í alþjóðasamfélagi dagsins í dag.



Kl. 10.30 Gísli Pálsson mannfræðingur
**Frumbyggjar og framandleiki: Vilhjálmur Stefánsson á norðurslóðum**
Leidd verða rök að því að uppvöxtur Vilhjálms Stefánssonar í fjölmenningarsamfélagi Bandaríkjanna hafi dregið hann inn í mannfræðirannsóknir á norðurslóðum.



kl. 10.50 Björk Bjarnadóttir umhverfisþjóðfræðingur
**„Eitt sinn unnum við saman, nú munum við gera það aftur“**
Fjallað verður um hvernig frumbyggjar Kanada og Vestur-Íslendingar unnu eitt sinn saman og samnýttu náttúruauðlindir. Einnig verður sagt frá ýmsu því sem Björk hefur lært af Garry „Morning Star“ Raven um megingildi í menningu og siðum frumbyggja.

Kl. 11.10 Pallborðsumræður og spurningar úr sal

Kl. 11.25 Kaffihlé



Kl. 11.40 Garðar Baldvinsson bókmenntafræðingur
**Íslandslag – menningarárekstrar í Kanada á 19. öld og á Íslandi á 21. öld**
Fjallað verður um stöðu íslenskra nýbúa í Kanada í lok 19. aldar og baráttu þeirra við að aðlagast menningu í nýjum heimi. Sú barátta er látin varpa ljósi á stöðu nýbúa á Íslandi í upphafi 21. aldar.



Kl. 12.00 Gísli Sigurðsson rannsóknarprófessor
**Fortíðin í nútíðinni**
Gerð verður grein fyrir því hvernig Vestur-Íslendingar sögðu frá fortíðinni undir lok síðustu aldar, hvaða mynd þeir drógu upp af Íslandi, landnámstímanum og lífinu í Kanada. Bent verður á líkindi við upphafsgoðsagnir annarra þjóða, landnámsöldina á Íslandi og mikilvægi þess að saga Vestur-Íslendinga hafi byrjað með landnáminu í Vesturheimi; hún sé m.ö.o. ekki angi af sögu Íslendinga á Íslandi.



Kl. 12.20 Ásta Sól Kristjánsdóttir verkefnisstjóri Snorraverkefnis-ins og skrifstofustjóri Þjóðræknisfélags Íslendinga
**Brú milli kynslóða**
Leitast verður við að varpa ljósi á með hvaða hætti samskiptin milli gamla og nýja landsins breytast í tímans rás. Hvaða þýðingu hafa samskipti fólks af íslenskum ættum í Kanada við Ísland, hver er tilgangur þeirra, staða og framtíð?

Kl. 12.40 Pallborðsumræður og spurningar úr sal

Kl. 13.00 Málþingi slitið



Fundarstjóri: Salvör Nordal heimspekingur

Málþingið fer fram á íslensku og er öllum opið.

Gestum verður boðið upp á kaffi í hléi.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku með tölvupósti á salurinn@salurinn.is eða í síma 5 700 400.

REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

Málþingið er haldið í samstarfi við ReykjavíkurAkademíuna